



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri

---

**Efni:** *Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um niðurstöðu stýrihóps um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir*

*Þann 31. ágúst 2022 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um niðurstöðu stýrihóps um endurskoðun aðgerðaráætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir:*

*Flokkur fólksins óskar upplýsinga varðandi vinnu stýrihóps um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir. Umræddur stýrihópur starfaði á tímabilinu jan.- apríl 2022. Vandí heimilislausra kvenna með miklar og flóknar þjónustuparfir er mikill. Flokkur fólksins óskar eftir upplýsingum um hvenær má vænta niðurstöðu?*

**Svar:**

Síðasta stöðumat á aðgerðum með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir var lagt fram á fundi velferðarráðs 8. desember sl.

Þar kom m.a. fram að meginmarkmið stefnunnar eru alls átta og ná yfir 34 aðgerðir. Á þeim tíma var metið að 12 aðgerðum væri lokið eða væru viðverandi, 18 aðgerðir væru í ferli og vinna við fjórar aðgerðir væri ekki hafin.

Í dag er staðan sú að 13 aðgerðum telst vera lokið eða eru viðvarandi, 19 aðgerðir eru í ferli og vinna við tvær aðgerðir er ekki hafin. Þær aðgerðir lúta að því að stofna samráðshóp ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka um þróun ACT (Assertive Community Treatment Team) og að kanna stöðu heimilislausra með ákominn heilaskaða og dulda fötlun.

Núverandi stýrihópur stefnir á að skila tillögum að nýjum aðgerðum í lok október n.k. Vinna er þó hafin við gerð þarfagreiningar á neyðarskýli fyrir konur en talið er að núverandi húsnæði neyðarskýlis fyrir konur í Konukoti henti starfseminni ekki nægilega vel.